

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar nr. 381/1999.

1. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 51. gr. samþykktarinnar:
- a. 2. tölul. fellur brott og breytist númeraröð annarra töluliða til samræmis við það.
 - b. 4. tölul., sem verður 3. tölul., orðast svo:
Búfjárefntirlitsmaður. Sveitarstjórn ræður búfjárefntirlitsmann til ýmissa starfa er snerta fjallskil, afréttarmál o.fl., sbr. starfslýsingu samþykkt af sveitarstjórn 18. janúar 2000. Heimilt er sveitarstjórn að fela þessum starfsmanni hlutverk búfjárefntirlitsmanns eins og það er skýrgreint í V. kafla laga nr. 46/1991 um búfjárhald, forðagæslu o.fl.
 - c. 6. tölul., sem verður 5. tölul., orðast svo:
Fjallskilanefnd. Í fjallskilanefnd skal kjósa fimm fulltrúa og jafnmarga til vara. Fjallskilanefnd fer með framkvæmd fjallskilamála í umboði sveitarstjórnar, sbr. 3. gr. fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélög á svæði héraðsnefndar Eyjafjarðar. Um kosningu í nefndina og hlutverk hennar að öðru leyti fer eftir erindisbréfi sem samþykkt var af sveitarstjórn 18. janúar 2000.

2. gr.

Við C-lið 51. gr. samþykktarinnar bætist nýr töluliður sem orðast svo:

Barnaverndarnefnd. Eyjafjarðarsveit á aðild að sameiginlegri barnaverndarnefnd átta sveitarfélaga við Eyjafjörð, sbr. samning frá 24. nóvember 1999, sbr. heimild í 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992 ásamt síðari breytingum. Aðildarsveitarfélög þessa samnings, önnur en Akureyrarkaupstaður, kjósa einn fulltrúa í nefndina og varamann á fyrsta fundi (vorfundi) héraðsnefndar Eyjafjarðar sem haldinn er að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. febrúar 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.